

Verkefnisáætlun

Forsætisráðuneytið			
Skrifstofa:	Skrifstofa jafnréttismála	Málsnúmer:	FOR22020092
Heiti verkefnis: Mannréttindamál - stefnumótun			
Dagsetningar		Núverandi staða verkefnis	
Upphaf verkefnis:	01/03/2022	☒ Í vinnslu	
Áætluð lok verkefnis:	09/01/2023	☐ Í bið	
Enda dagsetning *	09/01/2023	☐ Lokið	
Verkefni lokið	09/01/2023	☐ Hætt við verkefni	
Dagsetningin hvenær verkefni verður orðið ónothæft / óþarft			
Markmið og lýsing verkefnis			
Markmið verkefnis			
Kortlagning og skýrsla um stöðu mannréttinda á Íslandi með sérstakri hliðsjón af mannréttindaeftirliti. Afurðin verður stöðumat og valkostir í formi grænbókar.			
Lýsing verkefnis			
Í kjölfar flutnings stjórnarmálefnsins mannréttinda frá dómsmálaráðuneyti til forsætisráðuneytis hefur forsætisráðherra ákveðið að hefja vinnu við grænbók um mannréttindi. Grænbók er yfirlit yfir stöðumat og valkosti og er undanfari frekari stefnumótunar. Við vinnuna verður lagt mat á stöðu mannréttindamála á Íslandi þar sem safnað er á einn stað upplýsingum um mannréttindi, þróun, tölfræði, samanburði við önnur lönd og samantekt um mismunandi leiðir eða áherslur til að mæta þeim áskorunum sem við blasa í mannréttindamálum, m.a. í tengslum við stofnun sjálfstæðrar innlendar Mannréttindastofnunar.			
Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um stofnun sjálfstæðrar innlendar Mannréttindastofnunar. Slík stofnun þarf að uppfylla ákveðin almenn skilyrði sem sett eru fram í viðmiðunarreglum Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir eða svokölluðum Parísarviðmiðum. Þá er tilvist slíkrar stofnunar forsenda þess að hægt sé að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.			
Vinna við stöðumat og valkosti er nauðsynleg kortlagning sem þarf að fara fram samhliða undirbúningi að stofnun Mannréttindastofnunar, m.a. til að skýra verksvið og ábyrgð. Þá nýtist hún einnig við frekari stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðir stjórnvalda.			
Við vinnu grænbókar verður m.a. byggt á upplýsingum frá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu, umboðsmanni barna, Hagstofu Íslands, Sameinuðu þjóðunum, öðrum alþjóðlegum stofnunum og eftir atvikum einstaka ríkjum.			
Helstu mál/álítaefni sem verða til umfjöllunar:			
Umgjörð mannréttindamála á Íslandi			
i. Lagaumgjörð (lög, reglugerðir, stjórnarskrá)			
ii. Alþjóðlegar skuldbindingar			

- iii. Stofnanir og samtök á sviði mannréttinda
- iv. Mannréttindaeftirlit á Íslandi - úrræði þegar brotið er á réttindum einstaklinga

Staða mannréttinda á Íslandi

- i. Greining á stöðu út frá tölfræðilegum upplýsingum
- ii. Mat á árangri núverandi stefna
- iii. Fjárveitingar
- iv. Alþjóðleg þróun mannréttindaeftirlits
- v. Lykilviðfangsefni næstu ára (áskoranir)

Lögð verður áhersla á viðtækt samráð við vinnu grænbókarinnar og áætlað að standa fyrir samráðsfundum í öllum landshlutum um stöðu mannréttindamála. Á hverjum fundi verður kastljósi beint að mannréttindamálum á Íslandi, helstu áskorunum framundan og tækifærum með tilliti til áherslna stjórnvalda, sem m.a. endurspeglast í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Lögð verður áhersla á að samráðið nái til sem allra flestra og í því skyni verði haldnir sérstakir fundir með fulltrúum einstaka hagsmunahópa.

Skrifstofa jafnréttismála í forsætisráðuneytinu ber ábyrgð á grænbókinni og verður myndað sérstakt teymi sem heldur utan um vinnuna. Haft verður samráð/samvinna við stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi sem skipaður er fulltrúum allra ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Niðurstöður grænbókar verða kynntar sem drög í samráðsgátt stjórnvalda í upphafi árs 2023.

Fylgiskjöl:

Tímaáætlun (excel skjal)



Tímalína verkefnis - Grænbók.xlsx

Verkefnishópur	
<u>Hlutverk í verkefni</u>	<u>Nafn</u>
Verkefniseigandi	Skrifstofa jafnréttismála í forsætisráðuneytinu
Verkefnisstjóri:	Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Bakhjarl:	Steinunn Valdís Óskarsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneyti
Þátttakendur:	Elísabet Gísladóttir, Guðrún Arna Loftsdóttir, stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi
Þátttakendur:	Mannréttindaskrifstofa Íslands, Réttindagæslumenn fatlaðs fólks, Umboðsmaður barna, Jafnréttisstofa, Umboðsmaður Alþingis, Fjölmenningarsetur, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, félagasamtök á sviði mannréttinda o.fl.
Tímaáætlun, áfangaskipting	

Tímaáætlun, áfangaskipting*mars - apríl 2022*

Verkefnisáætlun kynnt í samráðsgátt í tvær vikur. Fundað með frjálsum félagasamtökum. Unnið úr athugasemdum.

apríl - ágúst 2022

Teymi vinnur útlínur að efnisyfirliti grænbókar m.t.t stöðumats, tölfræðiupplýsinga, samanburði við önnur lönd og helstu áskoranir.

ágúst - október 2022

Opnir samráðsfundir um landið.

október - desember

Unnið úr opnu samráði og lokaskjal klárað.

janúar 2023

Grænbók kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

janúar - maí 2023

Vinna við frumvarp um sjálfstæða innlenda Mannréttindastofnun.

maí 2023

Drög að frv um sjálfstæða innlenda Mannréttindastofnun kynnt í samráðsgátt.

maí/júní 2023

Unnið úr athugasemdum úr samráðsgátt við frumvarp.

September/október 2023

Frumvarp lagt fram á Alþingi.

Kostnaðaráætlun**Upphæð****Kostnaðarliður**

krónur

0,00 krónur

Samtals:

0,00 krónur

Aðrar athugasemdir og leiðbeiningar

Gera má ráð fyrir kostnaði við fundi um landið haustið 2022.

Mat við lok verkefnis

Grænbók í upphafi árs 2023 og frumvarp um nýja stofnun haustið 2023.